



Minnisblað

Viðtakandi Efnahags- og viðskiptanefnd **Dagsetning** 21. maí 2024
Sendandi Fjármála- og efnahagsráðuneytið **Málsnúmer** FJR2023110278

Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á fjármálamarkaði (lagfæringar)

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir minnisblaði frá ráðuneytinu þar sem brugðist er við umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á fjármálamarkaði (lagfæringar) (915. þingmál). Í umsögninni eru lagðar til tvenns konar viðbætur við frumvarpið.

Breytingar á 70. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja

Í umsögninni eru annars vegar lagðar til breytingar á 70. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020. Löginn innleiddu meginefni tilskipunar 2014/59/ESB, sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, svokallaðrar BRRD-tilskipunar. Lögnum er ætlað að greiða fyrir því að unnt sé að takast á við vanda fjármálafyrirtækja án þess að fjármálastöðugleika sé ógnað eða að veita þurfi opinberan fjárstuðning. Í því skyni er skilavaldinu, sem er eining innan Seðlabanka Íslands, falin ýmis úrræði til að takast á við vanda fjármálafyrirtækja.

Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. laganna getur skilavaldið frestað greiðslu eða afhendingu samkvæmt samningum sem fyrirtæki eða eining í skilameðferð hefur stofnað til. Frestunin gildir frá birtingu tilkynningar um frestun til miðnættis næsta virka dag. Tilteknar skuldbindingar eru undanþegnar frestun skv. 4. mgr. greinarinnar. Þeirra á meðal eru tryggðar innstæður, sbr. 1. tölul. málsgreinarinnar.

Lagagreinin innleiddi 69. gr. BRRD-tilskipunarinnar. Undantekningin fyrir tryggðar innstæður í 1. tölul. 4. mgr. lagagreinarinnar endurspeglar undantekningu sem var í 4. mgr. 69. gr. tilskipunarinnar. Undantekningin í tilskipuninni var aftur á móti felld brott með tilskipun (ESB) 2019/879, um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar tappól og endurfjármögnunargetu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og tilskipun 98/26/EB.

Lagaákvæðið verður því í betra samræmi við tilskipunarákvæðið ef undantekningin í lagaákvæðinu verður felld brott, líkt og gert er ráð fyrir í fyrri tillögu Seðlabankans um breytingu á 70. gr. laganna. Síðari tillaga Seðlabankans um breytingu á 70. gr. felur í sér að orðin „umfram fjárhæðarmörk tryggðra innstæðna“ falli brott úr 5. mgr. greinarinnar. Það samræmist tillögunni um brottfall undantekningarinnar vegna tryggðra innstæðna.

Brottfall undanþágunnar getur liðkað fyrir skipulegri skilameðferð fjármálafyrirtækja. Á móti getur hún takmarkað aðgang innstæðueigenda að fjármunum sínum. Heimild skilavaldsins til að fresta greiðslum er þó settur mjög þröngur tímarammi og hún á bara við við sérstakar aðstæður. Skilavaldinu

verður skylt að meta vandlega hvort viðeigandi sé að láta frestun ná til tryggingarhæfra innstæðna, einkum tryggðra innstæðna einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja, eins og skerpt er á í 5. mgr. 69. gr. BRRD-tilskipunarinnar. Þá leiðir af 5. mgr. 70. gr. laganna að skilavaldinu ber að tryggja að innstæðueigendur hafi aðgang að viðeigandi daglegri fjárhæð innstæðna.

Breytingar á 3. mgr. 11. gr. og 4. mgr. 22. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og 3. mgr. 82. gr. e laga um fjármálafyrirtæki

Í umsögninni er hins vegar lagt til að ráðherra verði falið að setja stjórnvaldsfyrirmæli skv. 3. mgr. 11. gr. og 4. mgr. 22. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og 3. mgr. 82. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, fremur en Seðlabankanum. Viðkomandi ákvæði fela Seðlabankanum að setja reglur til að innleiða tilteknar undirgerðir BRRD-tilskipunarinnar sem byggjast á tæknistöðlum frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni. Það hefur hann þegar gert með reglum um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins varðandi tæknilega staðla um skilameðferð og endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 666/2021, og reglum um upplýsingagjöf varðandi skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 398/2023, en reglurnar veittu viðkomandi undirgerðum BRRD-tilskipunarinnar gildi hér á landi. Verði breytingartillögurnar samþykktar verður að fella brott þá innleiðingu Seðlabankans en þess í stað setja reglugerð ráðherra til að veita undirgerðunum gildi hér á landi.

Almennt hefur tíðkast að Seðlabankinn innleiði með reglum undirgerðir Evrópugerða sem byggjast á tæknistöðlum frá evrópsku eftirlitsstofnununum á fjármálamarkaði því að hann á áheyrnaraðild að þeim og tekur þátt í starfi vinnuhópa á þeirra vegum sem fást við mótun tæknistaðla. Ráðherra hefur aftur á móti almennt innleitt með reglugerðum undirgerðir sem byggjast ekki á slíkum tæknistöðlum. Tillögur Seðlabankans víkja frá þeirri almennu verkaskiptingu. Þær samræmast aftur á móti breytingum sem gerðar voru á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja með lögum nr. 63/2023, þar sem ráðherra var falið að innleiða tilteknar undirgerðir BRRD-tilskipunarinnar sem vörðuðu skilastjórnvöld fremur en Seðlabankanum þótt þær byggðust á tæknistöðlum frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni. Því er unnt að líta svo á að með tillögunum sé gætt meira samræmis við innleiðingu undirgerða BRRD-tilskipunarinnar.

Hyggist nefndin leggja til slíkar breytingar leggur ráðuneytið til að þær taki ekki gildi fyrr en nokkru eftir almenna gildistöku laganna, svo sem þremur mánuðum frá gildistöku þeirra. Með því móti gæfist ráðuneytinu svigrúm til að undirbúa og birta reglugerð til að innleiða viðkomandi undirgerðir sem kæmu í stað núgildandi innleiðingar með reglum Seðlabankans.